nein önnur af lagaboðum þessum fyrir þingið sem frumvörp samkvæmt konungsúrskurði 4. janúarmán. 1861. 1867. 3. júní.

## 25. Brèf dómsmálastjórnarinnar til Deildar hins íslenzka bókmentafèlags í Kaupmannahöfn, um styrk til að gefa út Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands. 3. júní.

Samkvæmt brèfi dómsmálastjórnarinnar 23. aprílmán. 1864 skal það hèr með kunngjört Deild hins íslenzka bókmentafèlags í Kaupmannahöfn, að stjórnarráðið hefir veitt fèlaginu 150 rd. styrk til að halda áfram að gefa út „Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands", og hefir í dag verið hlutazt um, að fè þetta verði greidt fèhirði deildarinnar, Stephensen etazráði, úr aðalfèhirzlu ríkisins.

## 26. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um styrk handa uppgjafaprestum og prestaekkjum á Íslandi. 8. júní.

Samkvæmt uppástungum yðar, háæruverðugi herra, er bárust stjórnarráðinu með brèfi yðar 30. aprílmán. þ. á., um það, hvernig úthluta skuli þeim 500 rd., sem veittir voru í fjárlögum þessa fjárhagsárs til styrks handa fátækum uppgjafaprestum og prestsekkjum á Íslandi, hefir stjórnarráðið veitt þeim, er nú skal greina, styrk þann, sem tilfærður er við hvern prest og prestsekkju um sig:

| | | |
|---|---|---|
| Uppgjafapresti | Guðlögi Sveinbjarnarsyni frá Hvammi . | 15 rd. |
| — | Sveinbirni Sveinbjarnarsyni frá Staðarhrauni | 55 — |
| — | Jóni Sigurðssyni frá Söndum . . . . | 60 — |
| — | Stefáni Hanssyni úr Fljótshlíðarþingum . | 15 — |
| Prestsekkju | Arnbjörgu Jóhannesdóttur . . . . . . | 10 — |
| — | Helgu Jónsdóttur . . . . . . . . . | 30 — |
| — | Salbjörgu Jónsdóttur Reykdal . . . . | 20 — |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1867. 8. júní. | Prestsekkju | Helgu Arnfinnsdóttur | 5 rd. |
| | — | Guðrúnu Vernharðsdóttur | 15 — |
| | — | Kristínu Pálsdóttur | 25 — |
| | — | Oddnýju Ingvarsdóttur | 20 — |
| | — | þóru Auðunardóttur | 20 — |
| | — | Elínu Einarsdóttur | 30 — |
| | — | Marenu Havstein | 10 — |
| | — | Guðbjörgu Aradóttur | 10 — |
| | — | Guðríði Helgadóttur | 10 — |
| | — | Sigríði Jónsdóttur | 10 — |
| | — | Guðrúnu Ingvarsdóttur | 20 — |
| | — | Kristínu Eiríksdóttur | 12 — |
| | — | Guðnýju Jónsdóttur | 15 — |
| | — | Solveigu Markúsdóttur | 10 — |
| | — | þorbjörgu Jónsdóttur | 18 — |
| | — | Margrètu Narfadóttur | 40 — |
| | — | Guðlögu Eiríksdóttur | 15 — |
| | — | Guðrúnu Jónsdóttur | 10 — |

þetta er yður hèr með til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörið það þeim, sem hlut eiga að, og um leið og vèr vísum til brèfs stjórnarráðsins 15. júlímán. 1865, skal því við bætt, að landfógetanum á Íslandi hefir í dag verið boðið að greiða fè þetta úr jarðabókarsjóði Íslands.

---

8. júní. **27. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamtmannsins og biskupsins yfir Íslandi, um fyrirkomulag latínuskólans í Reykjavík.**

Í brèfi dagsettu 25. maímán. f. á. skoraði kirkju- og kennslustjórnin á yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, að veita skólameistaranum og kennurunum við hinn lærða skóla í Reykjavík færi á að koma fram með athugasemdir þær, er þeim kynni að virðast álitsskjal Maðvígs konferenzráðs í málefninu um endurbætt fyrirkomulag á tèðum